

Verklýsing fyrir Expomesh trefjanetskerfi frá Weber með Sléttpússuðu eða steinuðu yfirborði.

Múrkerfi:

Einangrun : Einangrað skal undir múrkerfið með plast einangrunarplötum, stærð 120x60 cm 50-100mm þykkar. Þær skulu hafa eðlismassa minnst 24 kg/ á rúmmetra. Plöturnar skulu skarast á vegg og í hornum við uppsetningu og skal þessi liður sérstaklega vandaður og unnin samkvæmt nánari lýsingu frá Weber.

Festingar : Þær skulu festar upp með múrtöppum úr nælonefni (TB115-TB155) og skal rekin stálnagli inni þá til festingar með plastkápu sem hindrar kuldabré. Múrtappinn skal ná 50mm inni steinvegginn bakvið einangrun og skulu vera að meðaltali 8 festingar á fermetra.

Trefjanetið skal vera fínriðið og af viðurkenndri gerð , merkt Weber. Það kemur í 1m breiðum rúllum 50m að lengd. Einnig er til Heavy duty net sem er sett á staði sem þurfa að þola aukið höggálag. Netið er látið skarast um 100mm á samskeytum . Út frá hornum við glugga og hurðir skal útbúa ferkantaða mottu úr neti að stærð 300 mm x 300 mm til að gefa aukin styrk.

Hornalistar : Á hornum skal til styrkingar setja hornlista úr plasti 10-12mm (CB10) og skulu þau heillímd í undirmúrinn. Einnig er mælt með þétti og frágangslista (Frame Seal) við glugga ef hægt er að múra inn á gluggann.

Undirmúr : Undirmúrinn er **Weber.rend LAC eða LAC Rapid** .Hann kemur tilbúinn blandaður sem þurrefni,er sementsbundinn og polymerríkur og hannaður sem hluti af heilu múrkerfi. Undirmúrinn er dreginn uppá einangrunarplastið eða honum sprautað með dælu ca 3mm þykkur. Því næst er trefjanetinu smurt í hann og annað 3mm lag dregið yfir. Endanleg þykkt á undirmúr skal vera ca 6mm og er áætlað magn 6,5kg per fm. Setja skal sérstakar styrkingar við öll úthorn á gluggum og hurðum úr trefjaneti c.a.30x30cm í blautan undirmúrinn. Áður enn undirmúrinn þornar er hann ýfður upp með tindahrífu lárétt til að fá örugga bindingu fyrir yfirmúrinn.

Yfirmúr : Áður en yfirmúrinn er settur skal undirmúrinn vera orðinn minnst 40 klst gamall við góðar þurrkaðstæður. Yfirmúrinn (Yfirleitt **Weber.rend PTC**) skal vera 6-8mm þykkur, er sementsbundin pússning og steiningarlím og er áætlað magn frá 10kg per fm . Hann hentar bæði sem pússning með sléttri áferð og sem steiningarlím fyrir Weber Spar salla. Múrinn er hannaður sem hluti af heilu múrkerfi. Hann skal hafa hefðbundið pússað yfirborð sem myndar slétta áferð og er dreginn uppá undirmúrinn eða honum sprautað.

Ef ekki er steinað á yfirborðið er það tilbúið til frekari meðhöndlunar og er eindregið mælt með **Weber-coat** smooth málningarkerfi eða **Weber Mineral TF** lituðum áferðarmúr en þessi efni eru hönnuð og prófuð fyrir þetta kerfi.

weber
múrefni